

## Föðurleysi til feigðar - veira og vitfíring

Markvisst stríð kvenfrelsaranna gegn karlmennsku og karlmönnum – ekki síst feðrum – hefur nú geisað í drjúga hálfu öld. Stríðið er fjármagnað af sjóðum auðjöfra og ríkisvaldinu, sem ósjaldan lýtur þeim beint og óbeint. Stríðið gegn feðrum felur einnig í sér stríð gegn fjölskyldunni og kyninu. Það er aragrúi kynja – kennir ríkisvaldið - og öll eru þau góð og gild, bara þau séu nógu kvenleg eða kvengerð - og kunni að fella tár eins og Justin Trudeau. Fjölbreytninni er fagnað að því marki, en refsað af öðrum kosti með kvenlegum refsivendi; niðrun, kjaptagangi, ásökunum, baknagi, lítillækkun og útskúfun.

En þetta er bjúgverpilstríð, samfélagslegt sjálfstortímingarstríð. Ungviðið missir fótanna. Feður eru oft og tíðum týndir og tröllum gefnir. Aðrir kvengerðir. Verulegur hluti barna vex úr grasi, án náinna tengsla við föður sinn. Hið opinbera hefur í verulegum mæli komið í föður stað með velferðarkerfi, löggjöf (eða skorti á henni), kvenvænni stjórnsýslu og kvenmiðuðu dómskerfi.

Afleiðingarnar koma æ skýrar í ljós. Skortur á aga, föðurleiðsögn og -samsömun leiðir til kvíða, depurðar, einangrunar, ístöðuleysis, ýgi og ofbeldis. Árásargirni ungvíðisins beinist gegn því sjálfu og öðrum. Drengir flosna upp úr skóla og verða tossar. Börnum er boðin „kynleiðréttingarmeðferð,“ þegar þeim verður verulega illt í kyninu sínu. Stúlkur reyna að bæta sér upp föðurleysið með því að gerast karlar. Drengir láta vana sig. Sjálfseymdin er útskýrð með einfeldingslegri hugmyndafræði. Kjarni hennar er einatt karlillskan og hið dularfulla, meinlega föðurveldi. Það eru hin nýju eymdarfræði (wokeness).

Heimskan ríður ekki við einteyming. Karlillskan er talin orsök að vondu mannlífi á öllum sviðum, svo og vondum náttúrufyrirbrigðum eins og loftlagsbreytingum. Alþjóðastofnanir vilja breyta veröldinni með því kvenfrelsunarmennta konur og stúlkur sérstaklega, og vernda þær fyrir karlmönnum, feðrum. Baráttan fyrir betri líðan og velferð barna felst í því að hegna karlmönnum og frelsa börn frá sambandi við þá. Frelsun frá áleitni karla er meira að segja orðin mannréttindi kvenna (eða kvenréttindi öllu heldur, því mannréttindi geta ekki náð til kvenna á nýislensku, RÚVsku. Konur eru ekki lengur menn).

Hinn opinberi móðurfaðmur þrýstir stöðugt þéttar og rúmar sífellt stærri hluta sálar og mannlífs. Hann er kæfandi. Þeir, sem aldrei losna úr þeim faðmi, læra aldrei til gagns um veröldina utan hans, verða eins konar tilfinningareköld. Sjálfstæð hugsun

og háttarni verður þeim um megn. Sjálfsvissa og -vald er þeim framandi. Þeir láta reka sig eins og hrædda bjöllusauði á beit – kynleiðréttir (með ýmsum hætti) og bólusettir.

Nýlegt dæmi um þetta er veiru- og bólusetningaratлага stjórnvalda og embættisveldis á þjóðir heims. Sú múgsefjun átti greiða leið að hjörtum fólks og huga, rétt eins og frásögnin um konur sem fórnarlömb, sbr. grein Vísis um viðbrögð forkonu og varaforkonu nemendafélagsins við Fjölbrautaskólann á Selfossi. Áróður kvennadeildar Sameinuðu þjóðanna, Stígamóta, Kvennaathvarfs, RÚV og Katrínar Jakobsdóttur hefur greinilega haft áhrif.

<https://www.visir.is/g/20222303328d?fbclid=IwAR2SOmaXixADNcw1SaLRHidiErsXQBZlco6KLHWIzqRW6gjXHYzR-pk1GEc>

<https://fiamengofile.substack.com/p/canadas-boy-emperor-is-a-son-of-feminism>

[https://stundin.is/grein/15645/?fbclid=IwAR2ZpaYqY1McO2cHWclfFEfAWgCtoueMUE9BE44NnSOWt5v5e-lCf6\\_odxk](https://stundin.is/grein/15645/?fbclid=IwAR2ZpaYqY1McO2cHWclfFEfAWgCtoueMUE9BE44NnSOWt5v5e-lCf6_odxk)

<https://fiamengofile.substack.com/p/feminism-as-a-victim-mentality-disorder>

<https://fiamengofile.substack.com/p/i-hope-the-future-isnt-female>

<https://menaregood.com/the-revolt-of-the-fatherless-2/>